



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 4. desember 2020.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks, 47. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 11. nóvember 2020 þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks, 47. mál á 151. löggjafarþingi.

Í tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að gera úttekt á heilsutengdum forvarnaúrræðum eldra fólks með áherslu á líkams- og heilsurækt, daglega hreyfingu og bætt mataræði. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum úttektar á vorþingi 2021.

Í greinargerð kemur fram að tillagan var lögð fram á 150. löggjafarþingi og er nú lögð fram að nýju óbreytt. Í greinargerð er rakin sú þróun að íbúar flestra landa ná stöugt hærra aldri og því mikilvægt að rannsaka heilsu þessa aldurshóps. Rannsóknir bendi til að talsvert skorti á daglega hreyfingu almennings, m.a. eldri íbúa. Þjálfun hafi jákvæð áhrif á líkamsprek, hagnýta hreyfingu, athafnir daglegs lífs og önnur heilsutengd lífsgæði, ekki síst með hækkandi aldri.

LÍ telur úttekt af þessu tagi mikilvæga og styður efni þingsályktunartillögunnar en leggur til að ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðu í fyrsta lagi á haustþingi 2021. Gefa þurfi tíma til að vinna úttekt af þessu tagi.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður